

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 1. júní 2015 á Kjóavöllum.

7. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Lárus Finnbogason, Ragna Emilsdóttir, Kristín Njálsdóttir, Ólafur Blöndal og Magnús Benediktsson framkv.stj. Hermann Vilmundarson og Sigurður Tyrfingsson boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir dagskrá næstu vikna, skipulag og skipting verka.
3. Kynbótasýning var haldin 28 til 29 maí, 31 hross voru sýnd og gekk allt vel fyrir sig. Sprettur fékk mikið hrós fyrir góðan aðbúnað og skipulag á svæðinu vegna sýningarinnar.
4. Lárus gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins.
5. Mót á næstunni
 - a. Gæðingamót - mótanefnd sér um framkvæmd þess – skipulag og undirbúningur í góðum farvegi þar.
 - b. Íþróttamótið og úrtakan. Rætt um styrktaraðila fyrir mótið og utanumhald.
 - c. Íslandsmótið – rætt um útgáfu blaðs með auglýsingum – MB heldur utanum verkefnið.
6. Áhugamannadeildin. Búið er að auglýsa deildina fyrir næsta vetur og óska eftir umsóknum liða til þátttöku. Umsóknarfrestur er til 20. júní nk.
7. Vellir og dómpallur. Nýr dómpallur á hjólum er tilbúinn og kominn á svæðið. Þá er hópur manna byrjaður að vinna að merkingum og að þétta vellina. Lárus upplýsti að VÍS hafi samþykkt bætur fyrir skúrana sem skemmdust í óveðrinu og hefur félagið þegar fengið bætur greiddar vegna þeirra.
8. Beitarvæði – nú þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að afmarka 33 beitarhólf fyrir félagsmenn í Básaskarði, einnig verða gerð samskonar hólf fyrir neðan Fluguvelli. MB hefur umsjón með því að deila út hólfum og hafa umsjón með notkun þeirra.
9. Félagsheimilið á Hattarvöllum – gjaldkeri vinnur að frágangi vegna sölu á húsnæðinu og þ.m.t. lokagreiðslu fyrir húsið.
10. Markaðsstofa Kópavogs hélt vinnufund í síðustu viku og fór framkvæmdastjóri á fundinn fyrir hönd Sprettis. MB gerði grein fyrir fundinum – m.a. var rætt um að Markaðsstofa yrði félaginu innan handar með kynningarmál varðandi Íslandsmótið í sumar.
11. Framtíðarhugmyndir varðandi tekjumöguleika. Rætt um hugmyndir tengt því hvernig mögulegt væri að nýta sér áhuga erlendra ferðamanna á hestamennsku, þ.e. þeirra sem

koma á höfuðborgarsvæðið og dvelja stutt en taka þátt í ýmiskonar kynningarferðum á svæðinu. Málið fær áframhaldandi umræðu á næstu fundum stjórnar.

12. Kópavogur – fasteignagjöld. Niðurfelling á fasteignagjöldum rædd.

13. Önnur mál.

- Topphestar – rætt um möguleika á útleigu á aðstöðu fyrir reiðskólann í rennu reiðhallarinnar.
- Samningar almennt við reiðskólana á svæðinu. MB gengur frá samningum við reiðskóla á svæðinu vegna t.d. beitarhólfa og annarar aðstöðu hjá Hmf. Spretti. Sami háttur hafður á samningum frá fyrra ári með áörnum breytingum t.d. vegna verðlags.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir